

Reglur Orlofssjóðs Verkalýðsfélags Suðurlands

Eftirfarandi reglur gilda um orlofseignir og önnur orlofsúrræði Verkalýðsfélags Suðurlands.

Kynnið ykkur umgengnisreglur áður en þið leigið orlofseign.

Ef frekari upplýsinga er þörf þá vinsamlega hafið samband á netfangið vs(hjá)vlf.is eða við skrifstofu félagsins í síma 487-5000.

1. Orlofseignir:

1.1. Félagið á eftirtaldar íbúðir og orlofshús.

Rjúpnasalir 10, íbúð 101, Kópavogi

Rjúpnasalir 10, íbúð 104, Kópavogi

Furulundur 10d, íbúð, Akureyri

Gunnarsbraut 2, orlofshús Reykjaskógur, Bláskógabyggð

Lyngbrekka 4, orlofshús, Syðri-Brú, Grímsnes- og Grafningshreppur

2. Úthlutunarreglur:

2.1. Form umsókna:

Bókað er í íbúðir og orlofshús félagsins gegn um bókunarsíðu orlofssjóðs á heimasíðu félagsins www.vlf.is. Bókunarfél er aðgengileg allan sólahringinn alla daga vikunnar. Svar berst næsta virka dag á opnunartíma skrifstofu. Þeir sem ekki hafa aðgang að tölvu geta bókað á skrifstofu félagsins eða í gegnum síma á opnunartíma skrifstofu.

2.2. Ábyrgð leigutaka og forgangur sjóðfélaga:

Orlofshús eru ekki leigð til félagsmanna yngri en 18 ára og er miðað við afmælisdag.

Framleiga á orlofseignum Verkalýðsfélags Suðurlands er **með öllu óheimil**. Félagismaður sem skráður er leigjandi **ber fulla ábyrgð** á húsnæði á meðan það er í leigu á hans nafni.

Félagsmenn sjóðsins hafa ávallt forgang til leigu orlofseigna. Einstaklingar, sem ekki eru sjóðfélagar, hafa möguleika á að panta laus hús á bókunartímabili þegar minna en tveir sólahringar eru fram að dvöl. Heimilt er að veita undanþágu á leigu til annarra aðildarfélaga innan ASÍ sem bera þá ábyrgð á hínu leigða.

2.3. Meginregla við bókanir:

Við bókanir orlofseigna er notast við fyrirkomulagið „fyrstur bókar, fyrstur fær“ að frátöldum úthlutunartímabilum um páska og að sumri í orlofshúsum og íbúð félagsins á Akureyri, sjá grein 2.5.

2.4. Umsóknarfrestur:

Almennur umsóknarfrestur:

Opið er fyrir bókanir og unnt að sækja um orlofseignir þrjá mánuði fram í tímann, að frátöldum úthlutunartímabilum um páska og að sumri í orlofshúsum og íbúð félagsins á Akureyri.

Umsóknarfrestur vegna páska- og sumarúthlutunar:

Umsóknarfrestur vegna úthlutunar um páska og sumarúthlutunar orlofshúsa og orlofsíbúðar á Akureyri er auglýstur sérstaklega.

2.5. Úthlutun um páska og sumartíma:

Um páska og á sumartíma er úthlutað sérstaklega orlofshúsum og íbúð félagsins á Akureyri. Ekki er úthlutað sérstaklega í íbúðir félagsins í Kópavogi.

2.5.1. Tímabil:

2.5.1.1. Páskar: frá og með þriðjudegi fyrir páska í eina viku.

2.5.1.2. Sumar: 1.júní til 31.ágúst. Úthlutað er viku í senn frá kl. 14:00 á fimmtudegi og skal skilað kl 12:00 viku síðar. ATH á Akureyri er leigan frá kl 16:00 fyrsta leigudag.

3. Leigugjald og greiðslur:

Upplýsingar um verð fyrir hverja orlofseign er á heimasíðu félagsins. Ganga þarf frá greiðslu innan 24 klst. frá því að svar við bókun berst. Leigutaki skal einnig vera greiðandi leigunnar. Ef minna en 24 klst. eru í bókun þarf að ganga frá greiðslu strax. Á úthlutunartímabilum skv. gr. 2.5. skal greitt inna 5 daga frá fyrstu úthlutun og innan 24 klst. frá úthlutun á biðlista.

4. Fjöldi bókunardaga og afhending:

4.1. Bókun á almennu tímabili skv. gr. 2.4:

Á almennum bókunartímabilum er hægt að bóka orlofseignir í sólarhring í senn á virkum dögum sbr. gr. 2.4. Orlofseignir eru afhentar kl 14:00 fyrsta leigudag fyrir utan íbúð á Akureyri, þar er afhending kl. 16:00 og skal skilað eigi síðar en kl 12:00 síðasta leigudag.

Helgarleiga gildir frá föstudegi kl. 14:00/16:00 til mánudags kl. 12:00 (3 sólarhringar).

Hver orlofseign leigist félagsmanni að hámarki í eina viku í senn á hverju fjögurra vikna tímabili.

Íbúðir í Rjúpnasölum teljast sem ein eign.

4.2. Bókun um páska og á sumrin skv. gr. 2.5:

Hver sjóðfélagi fær aðeins úthlutað einu sinni á hverju úthlutunartímabili. Eftir að forgangsúthlutun á páska- og sumarleigu skv. gr. 2.5.1. er lokið getur sjóðfélagi fengið úthlutað oftar á grundvelli reglunnar „fyrstur bókar, fyrstur fær“.

4.3. Sjóðurinn áskilur sér rétt til að hafna bókunum, m.a. til að gæta jafnræðis félagsmanna.

5. Endurgreiðslur:

Leigugjald er ekki endurgreitt. Heimilt er að veita undanþágu á reglunni, en einungis ef tekist hefur að endurleigja orlofseignina á umræddu leigutímabili.

6. Dýrahald/reykingar:

Ekki er leyfilegt að hafa gæludýr í orlofseignum félagsins og reykingar og veip eru bannaðar innandyrna sem og á svölum íbúðanna.

7. Þrif og skil:

Orlofseign skal skilað í því ástandi sem kveðið er á um í umgengnisreglum Orlofssjóðs.

Hafi orlofseign verið skilað í óviðunandi ástandi þannig að félagið þurfi að láta framkvæma þrif áskilur félagið sér þann rétt að láta þrifa orlofseign á kostnað leigutaka. Sektargjald vegna þrifa er að lágmarki kr. 20.000

Lyklaskil: Lyklum skal skilað á skrifstofu félagsins eigi síðar en næsta virka dag frá því leigu lýkur. Á Akureyri skal lyklum skilað til umsjónaraðila Securitas við brottför.

Heimilt er að beita sektargjaldi vegna vanskila á lyklum að upphæð kr. 5.000. Einnig er heimilt að beita sektargjaldi sem nemur endurgreiðsluverðmæti ef lykjar, fjarstýringar að bílskýli eða aðrir munir tynast úr orlofseign. Neyðarútkall umsjónarmanns og/eða fagaðila er að lágmarki kr. 10.000 á kostnað leigutaka.

8. Umgengni og brot á samningi:

Verði leigutaki uppvís að alvarlegum brotum á leigu- og umgengnisreglum áskilur félagið sér þann rétt að vísa leigutaka úr orlofseign.

Leigutaka er óheimilt að framselja leigusamning til annars aðila. Verði leigutaki uppvís af slíku broti er heimilt að víkja fólki úr orlofseign fyrirvaralaust.

Komi í ljós skemmdir á orlofshúsi eða munum sem því tilheyrja, skal leigutaki tilkynna það á skrifstofu félagsins. Félagið endurnýjar eðlileg slit á munum félagsins án kostnaðar fyrir leigutaka. Leigutaki ber fulla ábyrgð á tjóni sem verður af hans völdum eða annarra sem í orlofseigninni dvelja á leigutímanum og áskilur félagið sér þann rétt að láta lagfæra orlofseign á kostnað leigutaka og senda viðkomandi reikning fyrir kostnaði sem af því hlýst.

Heimilt er að útiloka félagsmann frá leigu á orlofseignum félagsins vegna brota á leigu- og umgengnisreglum. Leigugjald er ekki endurgreitt í slíkum tilvikum. Ef um sérlega gróft brot er að ræða getur afleiðing orðið sú að viðkomandi fái ekki að leigja orlofshús hjá félaginu um óákveðin tíma.

9. **Önnur orlofsúrræði:**

Félagið niðurgreiðir Útilegukortið og Veiðikortið og er þau til sölu á skrifstofu félagsins. Kortið er niðurgreitt til:

- 9.1. Félagsmanna sem greitt hefur verið af til sjóðsins sbr. gr. 8.1 í reglugerð Orlofssjóðs síðasta mánuðinn áður en kaup eru gerð.
- 9.2. Félagsmanna sem hættir eru störfum vegna aldurs (67 ára eða eldri) eða örorku enda hafi þeir verið félagsmenn eigi skemur en 5 ár samfellt fyrir starfslok sbr. gr. 8.4. og 8.5. í reglugerð Orlofssjóðs.
- 9.3. Atvinnuleitenda og félagsmanna í fæðingarorlofi sem greitt er af til félagsins og greitt höfðu til Orlofssjóðs síðasta mánuðinn áður en þeir urðu atvinnulausir eða fóru í fæðingarorlof.

10. **Málskot:**

Verði ágreiningur um úthlutun úr sjóðnum getur félagsmaður vísað málinu til félagsstjórnar sem þá fellir endanlegan úrskurð.

11. **Breytingar á reglum þessum:**

Tillögur til breytinga á úthlutunarreglum skal gera á fundi orlofsstjórnar enda sé þess getið í fundarboði að breytingar séu dagskrá. Tillögur skulu lagðar fyrir félagsstjórn til samþykkis og taka þær gildi þegar félagsstjórn hefur samþykkt þær með einföldum meirihluta atkvæða, nema annað sé sérstaklega ákveðið. Breytingar á reglum skulu kynntar á aðalfundi.

Samþykkt á fundi félagsstjórnar 22.september 2022.

Vlf Suðurlands

